

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvert er mat ráðherra á árangri af því forvarnastarfi gegn krabbameini sem hér hefur verið unnið, þ.m.t. á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins; hefur ráðuneytið eða landlæknisembættið metið áhrif þessa starfs á heilbrigðisþjónustuna?
2. Hefur ráðherra fyrirætlanir um auknar forvarnir gegn krabbameini, t.d. með víðtækari krabbameinsleit? Ef svo er, hverjar eru þær, hvenær komast þær í framkvæmd og hvernig verða þær skipulagðar? Ef svo er ekki, mun ráðherra þá styðja hugmyndir annarra aðila um forvarnir, svo sem Krabbameinsfélagsins, einstakra lækna eða annarra?